

Skipulags- og byggingarnefnd Skagabyggðar, fundur haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33 þann 13. október 2020 og hófst kl 13:00.

Fundinn sátu:

Magnús Björnsson formaður, Linda Björk Ævarsdóttir, Rafn Sigurbjörnsson og Þorgils Magnússon skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá

1. 2010000 – Nýr skipulags- og byggingarfulltrúi

Þorgils Magnússon tók við sem skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins um síðustu áramót af Jakobi Guðmundssyni.

Jakobi voru þökkuð vel unnin störf fyrir sveitarfélagið. Þorgils fór yfir byggingarmál í sveitarfélaginu.

2. 2010001 – Bakki stofnun lóðar

Erindi frá Svavari Jónatani Hjaltasyni eiganda Bakka um stofnun lóðar umhverfis íbúðarhús og fái sérstakt fasteignanúmer, lóðin er 5,54ha að stærð. Lóð þessari fylgir umferðarréttur um heimreið jarðarinnar svo og afnot af núverandi vatnsbóli jarðarinnar. Meðfylgjandi er hnitsett lóðarblað unnið af Önnu Margréti Jónsdóttur, ráðunauti.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar.

3. 2010002 – Hafnir - Opnun námu

Erindi frá Vigni Sveinssyni Höfnum f.h Grunneyjar ehf. um opnun námu í landi Kaldrana/Hafna, lnr. 145845 við Selvík. Náman er fyrir vinnslu á stuðlabergi. Meðfylgjandi er teikning og greinargerð af breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 dags 20. júní 2020.

Nefndin samþykkir skipulagið sem óveruleg breyting á aðalskipulagi Skagabyggðar. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá málinu.

MB fm LBÆ R.d

4. 201003 – Skagafjörður – Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins Skagafjarðar

Erindi frá sveitarfélaginu Skagafirði er varðar umsögn á vinnslutillögu endurskoðunar aðalskipulags.

Nefndin vísar á afgreiðslu sveitarstjórnar frá fundi sínum 16. desember 2019, 5 liður málefni c. Ekki gerðar aðrar athugasemdir við vinnslutillögu Skagafjarðar.

5. 2010004 – Hvammshlíð - Umsókn um stöðuleyfi

Erindi frá Karólínu Elísabetardóttur eiganda Hvammshlíðar er varðar stöðuleyfi fyrir einangraðan 20 feta gám.

Erindinu er frestað og byggingarfulltrúa falið að skoða málið.

6. 2010005 - Höskuldsstaðakirkja – Staðfesting á lóðarblaði

Erindi frá Björgu Bjarnadóttur f.h sóknarnefndar Höskuldsstaðakirkju er varðar staðfestingu á lóðarblaði gert af Stoð ehf. Verkfræðistofu dags. nóv.2004.

Nefndin staðfestir lóðarblaðið.

7. 2010006 - Kirkjubær – Geymsluskúr

Erindi frá Þrándi Baldurssyni einum af eigandi Kirkjubæjar óskar eftir leyfi fyrir byggingu geymsluskúrs á Kirkjubæ. Meðfylgjandi er teikning frá Nýhönnun ehf, unnin af Ómari Péturssyni. dags. 19.03.2020.

Nefndin samþykkir byggingaráformin.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 15:00.

MB
R.J.
L.B.A.

Magnús Björnsson
Magnús Björnsson

Rafn Sigurbjörnsson
Rafn Sigurbjörnsson

Linda Björk Ævarsdóttir
Linda Björk Ævarsdóttir

Porgils Magnússon
Porgils Magnússon